

# Heilbrigðis- og velferðarmál

Einstaklingsmiðuð þjónusta við fólk verði í öndvegi skipulags heilbrigðis- og velferðarmála, sem standa eigi öllum til boða óháð efnahag. Setja þarf heilbrigðisstefnu til 2030, sem er áfangaskipt með mælanleg markmið og með tryggða fjármögnun. Hagkvæmni, gæði og öryggi verði leiðarljós við úthlutun fjármuna til allrar velferðar- og heilbrigðisþjónustu. Einfalda og samþætta þarf kerfið þannig að það sé skilvirkt, skiljanlegt og aðgengilegt fyrir alla. Öflugt og sveigjanlegt almannatryggingakerfi er forsenda lífsgæða og velferðar

- **Valfrelsi og þjónusta í sterku heilbrigðiskerfi**
- **Tryggt aðgengi að heilbrigðisþjónustu um allt land**
- **Einfaldari og sveigjanlegri kerfi fyrir fólk**
- **Heilsuefling og forvarnir í forgrunni**

*Landsþing 21. september 2025*

## Valfrelsi og þjónusta í sterku heilbrigðiskerfi

Viðreisn leggur áherslu á valfrelsi og þjónustumiðaða nálgun. Virkja þarf einstaklingsframtak til að takast á við áskoranir framtíðarinnar og tryggja fjölbreytt rekstrarform í heilbrigðiskerfinu. Viðreisn leggur jafnframt áherslu á að tryggja jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu óháð efnahag.

Setja þarf aukið fjármagn í heilsugæslu og þjónustu utan sjúkrahúsa svo fólk með ýmis langvinn heilsufarsvandamál komist í viðunandi úrræði og álag á bráðþjónustu verði viðunandi. Í kjölfarið þarf að búa svo um hnútana að fjármagn byggi á greiningu á þörf og kostnaðarmati á verkum innan heilbrigðiskerfisins. Sérstaklega skal líta til Landspítalans svo hann standi undir þeim gæðakröfum sem nauðsynlegar eru fyrir aðalsjúkrahús þjóðarinnar. Undanfarin ár hafa sýnt í verki það álag sem

Landspítalinn er undir og mikilvægi þess að styrkja stoðir hans. Mikilvægt er að létta undir með spítalanum og auka ekki enn frekar á verkefni hans. Verkefni sem falla utan skilgreinds ramma, séu falin öðrum þar til bærum þjónustuveitendum.

Nauðsynlegt er að draga úr vaxandi bráðavanda og biðlistum í heilbrigðis- og velferðarkerfinu. Það er fátt dýrara fyrir samfélagið en að láta fólk bíða eftir þjónustu. Viðreisn telur að börn eigi ekki að þurfa að bíða eftir nauðsynlegri greiningu eða þjónustu. Samþætting og einstaklingsmiðuð nálgun á milli kerfa er lykilatriði. Leysa þarf bráðavanda sem snýr að geðheilbrigðismálum og tryggja aðgengi að nauðsynlegum lyfjum.

Viðreisn leggur áherslu á að andleg líðan sé jafngild þeirri líkamlegu og aðgangur fólks að sálfræðiþjónustu eða annarri nauðsynlegri klínískri meðferð verði niðurgreiddur.

Innleiða þarf valfrelsi varðandi lífslok þannig að við vissar vel skilgreindar aðstæður, verði dánaraðstoð mannúðlegur valkostur fyrir þá einstaklinga sem kjósa að deyja á eigin forsendum. Sá valkostur byggir á virðingu fyrir rétti sjúklingsins á eigin lífi og líkama.

## Tryggt aðgengi að heilbrigðisþjónustu um allt land

Heilsugæslur eiga að vera öflugar um allt land. Þær þurfa að hafa svigrúm til þes að sinna grunnhlutverki sínu og veita nauðsynlega nærþjónustu.

Efla þarf heilbrigðisstofnanir utan höfuðborgarsvæðisins og gera starfsumhverfi heilbrigðisstarfsfólks eftirsóknarverðara. Viðreisn leggur áherslu á að nýta stafræna tækni til að tengja betur fagfólk og íbúa í byggðum landsins og stuðla þannig að jöfnu aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Fjarheilbrigðisþjónusta er þar lykilatriði. Hugsa þarf skipulag sjúkrahúsa upp á nýtt með það fyrir augum að tryggja aðgengi allra

landsmanna að hágæða heilbrigðisþjónustu og auðvelda sérhæfingu þeirra á ólíkum sviðum.

## Einfaldari og sveigjanlegri kerfi fyrir fólk

Viðreisn leggur áherslu á að einfalda þau kerfi sem eiga að halda utan um fólk og að þau verði sveigjanlegri. Enginn lífeyrisþegi almannatrygginga fái lægri heildartekjur en sem nemur lágmarkslaunum. Lífeyriskerfi almannatrygginga skal einfaldað og dregið úr vægi skerðinga.

## Eldri borgarar

Búum eldra fólk áhyggjulaust ævikvöld. Framboð af hjúkrunarheimilum og öðrum úrræðum verður að vera í samræmi við fyrirsjáanlega þörf. Íbúar eiga að geta haft val um á hvaða hjúkrunarheimili búa. Koma þarf á millistigi milli heimilis og hjúkrunarheimila og tryggja fjölbreytt búsetuúrræði fyrir eldra fólk, þar sem fólk verði gert kleift að búa lengur heima með góðum stuðningi. Samhæfa þarf stuðning ríkis- og sveitarfélaga. Efla þarf heimahjúkrun og félagslega heimaþjónustu, auk þess að koma á heimateymi fyrir aldraða sem getur komið inn í bráðum veikindum og meðhöndlað fólk heima ef hægt er.

Mikilvægt er að bjóða eldra fólk heilsueflandi móttökur í heilsugæslunni í forvarnarskyni og tryggja aðgang að fjölbreyttum úrræðum sem miða að að viðhalda andlegri og líkamlegri færni þessa hóps. Viðreisn leggur áherslu á að starfslok miðist við færni fremur en aldur.

## Öryrkjar

Tryggjum öryrkjum mannsæmandi lífskjör. Sköpum samfélag sem byggir á þátttöku allra og virðum frelsi fólks til að stjórna eigin lífi. Styðjum fólk með skerta starfsgetu til starfa með aukinni starfsendurhæfingu og bættri geðheilbrigðisþjónustu.

Virðum réttindi fólks með fötlun til jafns við aðra. Fjarlægja á þær hindranir sem standa í vegi þess að tryggja mannréttindi og samfélagsþátttöku fatlaðs fólks. Í því

skyni verður að gera ríkar kröfur um aðgengi að mannvirkjum, samgöngum og upplýsingum. Hið opinbera á að vera leiðandi í sköpun hlutastarfa fyrir fatlað fólk.

Viðreisn telur löngu tímabært að lögfesta samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Setja þarf á stofn hjúkrunarheimili fyrir yngri einstaklinga sem þurfa á hjúkrunarheimilisþjónusta að halda en hafa aðrar félagslegar þarfir en þeir sem eldri eru. Fjölga á samningum um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) og tryggja gæði þjónustunnar.

## Heilsuefling og forvarnir í forgrunni

Forvirkar aðgerðir og forvarnir eiga að vera leiðarstef í skipulagi ríkisins í heilbrigðis- og velferðarmálum. Með öflugri forvarnarstefnu tryggjum við betri líðan og minna langtímaálag á heilbrigðis- og velferðarkerfin.

Heilsuefling þarf að vera hluti af samfélaginu öllu til að koma í veg fyrir veikindi, bæði andleg og líkamleg. Fræðsla um mataræði, hreyfingu, andlega vellíðan, áhrif skjánotkunar og snemmtæka íhlutun eiga að vera hluti af námi barna. Tryggja þarf aðgengi að fræðslu og heilsueflandi úrræðum handa öllum út æviskeiðið. Samhliða afglæpavæðingu vímuefna þarf að stórefla forvarnir og fræðslu.